



Reykjavík, 26. janúar 2024

MSS23090170

Ráð og nefndir

## **Verklagsreglur - Fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar**

Á fundi forsætisnefndar þann 19. janúar 2024 voru samþykktar verklagsreglur um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar. Verklagsreglurnar fjalla um framsetningu og meðferð fyrirspurna og tillagna borgarfulltrúa og nefndarmanna í borgarráði fastanefndum, ráðum og stjórnunum. Þeim er ætlað að auðvelda kjörnum fulltrúum að afla sér nauðsynlegra upplýsinga og stytta afgreiðslutíma. Óskað er eftir því að reglurnar séu kynntar ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar. Jafnframt er óskað eftir því að fundarritarar og fundarstjórar taki mið af þeim við meðferð fyrirspurna og tillagna.

Virðingarfyllst,  
Bjarni Þóroddsson  
*skrifstofa borgarstjórnar*

Hjálagt:

Verklagsreglur um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar



**Reykjavík**

## Verklagsreglur Fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar

### 1.gr.

Í 27. og 57. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að borgarfulltrúar og nefndarmenn í borgarstjórn, borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum eiga rétt á að leggja fram stutta fyrirspurn (200 orð) í fundargerð um mál sem eru á verksviði borgarstjórnar, ráðsins eða nefndarinnar.

Sömu aðilar eiga rétt á að leggja fram tillögur í borgarstjórn, borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum. Verklagsreglur þessar fjalla um framsetningu og meðferð slíkra fyrirspurna og tillagna og eiga að stuðla að hraðri og vandaðri málsmeðferð.

### 2.gr.

#### Fyrirspurnir

Óski kjörinn fulltrúi upplýsinga um mál sem er á verksviði Reykjavíkurborgar skal hann leggja fram skriflega fyrirspurn í því ráði sem ber ábyrgð á málaflokknum samkvæmt gildandi samþykktum Reykjavíkurborgar. Einungis er heimilt að leggja fyrirspurn fram í einu ráði/nefnd.

Fyrirspurn skal vera skýr og bein, formálalaus og um afmörkuð atriði sem varða verksvið Reykjavíkurborgar. Skal við það miða að hægt sé að svara fyrirspurn í stuttu og hnitmiðuðu svari. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurninni þar sem fram kemur rökstuðningur eða frekari skýringar.

Svara skal fyrirspurn innan 30 virkra daga frá því að henni hefur verið vísað til umsagnar. Takist ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests skal gera viðkomandi ráði skriflega grein fyrir ástæðunni.

Borgarfulltrúi sem vill leggja fram fyrirspurn getur fengið aðstoð við gerð hennar hjá starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar.

### 3.gr.

#### Tillögur

Kjörnir fulltrúar hafa tillögurétt á fundum nefnda og ráða. Þeim er því heimilt að leggja fram tillögu í því ráði sem ber ábyrgð á málaflokknum samkvæmt gildandi samþykktum Reykjavíkurborgar sem fellur innan valdsvið viðkomandi ráðs. Einungis er heimilt að leggja tillögu fram í einu ráði/nefnd.

Tillaga er hugmynd sem fjallað er um í þeim tilgangi að taka efnislega afstöðu til hennar, tillögutextinn skal vera skýr og í ályktunarformi, formálalaus og varða afmörkuð atriði á verksviði Reykjavíkurborgar. Miða skal við að það sé hægt að samþykkja tillögu og framkvæma hana í beinu framhaldi. Stutt greinargerð má fylgja tillögunni þar sem fram kemur rökstuðningur eða frekari skýringar.

Leitast skal við að tillögur verði tilbúnar til afgreiðslu eigi síðar en 30 dögum eftir að hún er lögð fram.

Borgarfulltrúi sem vill leggja fram tillögu getur fengið aðstoð við gerð hennar hjá starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar.

*Samþykkt á fundi forsætisnefndar 19. janúar 2024*